

Fundargerð; Stofnfundur Hollvinafélags Annríkis

Fundur haldinn að Suðurgötu 73, Hafnarfirði þann 27. Febrúar 2021

Fundur settur kl. 14.00 af Margréti Skúladóttur. Dagskrá kynnt.

Guðrún Hildur Rosenkjær þakkar gestum komuna en vegna Covid faraldurs og sóttvarnaraðgerða var aðeins fáum gestum boðið en auk þess voru nokkrir viðstaddir með nettingu, Teams.

Hollvinafélagið er stofnað af áhugafólki um þjóðbúninga en það vill til á sama tíma og Annríki heldur uppá 10. starfsár sitt. Upphafið að félaginu má rekja til áhuga á íslenska þjóðbúningnum, kynningu, fræðslu sem og kennslu og vinnu við þjóðbúningasaum.

Starfsemi Annríkis hafi fylgt aukin fræðsla en einnig mikil gleði. Með tilkomu hollvinafélags má ná markmiðum um framfarir er varða þjóðbúninginn, auka fræðslu og gera hann sýnilegri. Þá má auka tengsl þeirra sem nota búninginn þá ekki síst við hópa sem myndast hafa á landsbyggðinni á undanfórnum árum. Mikill vilji er til að gera þjóðbúninginn enn meira sýnilegan og það gerist jafnframt með fræðslu og umfjöllun um hann.

Margrét Skúladóttir bætti við þetta að Hollvinasamtökin gefi tækifæri á auknum tengslum kvenna vítt og breytt um landið, en héraðssamtök eru þó víða. En sem félagasamtök (en ekki fyrirtæki í rekstri) er hægt að sækja um ýmsa styrki til eflingar búningnum og búningasaum. Samtökin geti þannig eflt áhugafólk um þjóðbúninginn. Lagt er upp með að samtökin verði án félagsgjalds en gjarnan tekið við frjálsum framlögum sem standi undir kostnaði sem til fellur.

Elín Jóna Traustadóttir segir frá hugmynd að bókaútgáfu um fald- og skautbúninginn. Byrjað sé að safna myndum og er hugmyndin að hafa stórar og góðar myndir ásamt fræðslu og umfjöllun. Stefnt er að útgáfu sumarið 2022. Þá er jafnframt samnorrænt þing og væri gaman að geta kynnt nýja bók þá. Þá er draumurinn að geta verið með litlar farandkynningar. Verkefni samtakanna er að dreyfa gleðinni í kringum þjóðbúninginn okkar. Hún bætti við að reynt hafi verið að stofna hollvinasamtök 2015 en það hafi ekki gengið upp þá. Hægt er að skrá sig í samtökin á síðunni www.thjodbuningur.is og er það gjaldfrjálst eins og áður kom fram.

*Farið var yfir stofnskrá samtakanna sem lá fyrir. Var hún samþykkt.

*Lagt til að engin félagsgjöld séu önnur en frjáls framlög; samþykkt. Reikningsnúmer verði birt um leið og reikningur hefur verið stofnaður. En konur mega gjarnan leggja inn frjáls framlög.

*Kosningar;

-lagt er til að kosnir verði 3 fulltrúar í aðalstjórn; tillögur um Steinunni Guðnadóttur, Elínu Jónu Traustadóttur og Margréti Skúladóttur; samþykkt.

-lagt til að kosnir verði 2 fulltrúar í varastjórn; tillögur um Ásmund Kristjánsson og Eyrúnu Olsen; samþykkt.

-lagt er til að kosið verði um skoðunarmann reikninga; tillaga Björk Garðarsdóttir og Anna Lilja Jónsdóttir; samþykkt.

Undir liðnum önnur mál var hugmynd að bókaútgáfu nánar rædd. Hefur verið rætt við Binna ljósmyndara vegna myndatöku. Lauslega áætlaður prentunarkostnaður er um sexhundrað þúsund fyrir 1.500 eintök (Prentmiðlun). Stofnuð verði ritstjórn sem heldur utan um framkvæmdina. En grunnhugmyndin er hér verði gott fræðirit með fullt af gleði og blómum og myndum um þjóðbúninginn en einnig upplýsingar um námskeið og margt annað.

Að lokum var rætt að gaman væri að efla til heimsóknar t.d. norður í land þar sem fyrir er hópur áhugasamra þjóðbúningakvenna, efla starf í hópum og auka tengsl áhugafólks og ekki síst efla fræðslu og þekkingu sem og fá meiri umfjöllun um Íslenska þjóðbúninginn. Þá væri spennandi að halda þjóðbúningaþing, halda veislu og koma saman í þjóðbúningnum. Umfram allt að hafa gaman saman.

Lokaorðin átti Margrét sem sagði að í hópnum væri fólk sem hefur áhuga og fullt af hugmyndum – það mætti endilega heyrast. Við erum að þessu fyrst og fremst til að hafa gaman saman og bera út boðskapinn.

Fundi slitið um kl. 15.00